



Alþýðusamband Íslands

Þingskjal nr. 51

Reykjavík 28. október 2016

Ályktun 42. þings Alþýðusambands Íslands um heilbrigðismál

42. þing Alþýðusambands Íslands beinir því til stjórnvalda að beita sér fyrir samfélagssáttmála um heilbrigðisþjónustu með skýrri framtíðarsýn um að heilbrigðisþjónusta hér á landi verði í fremstu röð. Í þeirri framtíðarsýn komi skýrt fram að allir landsmenn hafi aðgengi að heilstæðri heilbrigðisþjónustu sem nái til allra þátta líkamlegrar og andlegrar heilsu, þar með talið sálfræðiþjónustu, tannlækninga, endurhæfingar og lyfja. Þá er brýnt að bæta verulega þjónustu við aldraða og langveika og efla þjónustuúrræði sem mæta þörfum þessara hópa. Til þess að þetta geti orðið þarf að auka verulega fjárveitingar til heilbrigðis- og öldrunarmála og gera raunhæfar áætlanir til framtíðar.

Þingið áréttar að draga þarf verulega úr kostnaðarþátttöku sjúklinga þannig að efnahagur komi aldrei í veg fyrir að fólk geti leitað sér lækninga og sótt sér nauðsynleg lyf.

42. þing Alþýðusambands Íslands hafnar frekari einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og telur siðlaust að ráðstafa fjármunum sem veitt er til heilbrigðismála, til arðgreiðslna.

Alþýðusambandið leggur þunga áherslu á að uppbyggingu nýs Landspítala verði hraðað eins og kostur er. Þá verði þyrluþjónusta Landhelgisgæslunnar styrkt og tryggt að landsmenn allir hafi viðunandi aðgengi að sérfræðiþjónustu m.a. með raunhæfri niðurgreiðslu á ferðakostnaði.

Þingið beinir því til miðstjórnar ASÍ að skipa aðgerðarhóp til að útfæra og fylgja þessum tillögum eftir á fyrstu mánuðum nýrrar ríkisstjórnar.